



PAI-yfirlýsing

Yfirlýsing um helstu neikvæðu áhrif fjárfestinga-
ákvarðana á sjálfbærniþætti

Júní 2025

Arion banki hf.
LEI: RIL4VBPDB0M7Z3KXSF19

1 Samantekt

Arion banki hf., LEI: RIL4VBPDB0M7Z3KXSF19, (“Arion banki” eða “bankinn”), tekur tillit til helstu neikvæðu áhrifa (“PAI”) fjárfestingarákvarðana sinna á sjálfbærniþætti.¹ Þessi yfirlýsing er sameinuð yfirlýsing Arion banka um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti.

Þessi yfirlýsing um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti nær yfir viðmiðunartímabilið frá 1. janúar til 31. desember 2024.

Yfirlýsingin lýsir því hvernig eignastýringardeildir innan Arion banka (saman „eignastýring Arion banka“) meta helstu neikvæðu áhrif fjárfestingarákvarðana sinna á sjálfbærniþætti.

Helstu neikvæðu áhrif (e. *Principal Adverse Impact* eða *PAI*), eins og þau eru skilgreind í SFDR,² eru hluti af fjárfestingarákvörðunarferli bankans. Eignastýring Arion banka safnar gögnum um neikvæð áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti og hefur eftirlit með áhrifunum. Gagnaöflunin nær til skyldubundinna mælikvarða á helstu neikvæðu áhrifum, eins og þau eru skilgreind í tæknilegum framkvæmdarstöðlum frá ESB,³ auk tveggja viðbótarmælikvarða.

Þessi yfirlýsing lýsir áhrifum Arion banka á sjálfbærniþætti og verklagsreglum til að greina og forgangsraða helstu neikvæðu áhrifum. Þá er gerð grein fyrir þeim aðgerðum sem þegar hefur verið ráðist í, þeim aðgerðum sem fyrirhugaðar eru og markmiðum sem hafa verið sett til að draga úr helstu neikvæðu áhrifum.

2 Lýsing á helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti

Töflurnar hér að neðan sýna neikvæð áhrif eigna í stýringu hjá eignastýringu Arion. Notaðir eru skyldubundnir mælikvarðar, ásamt tveimur viðbótarmælikvörðum, fyrir tímabilið frá 1. janúar til 31. desember 2024. Áhrifin eru mæld með tilliti til eigna í stýringu (AuM) hjá Arion banka og ná til fjárfestinga sem gerðar eru í tengslum við eignastýringaþjónustu bankans fyrir viðskiptavini.

Fyrir hvern mælikvarða eru veittar upplýsingar um þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í og þær sem fyrirhugaðar eru, með það að markmiði að forðast eða draga úr helstu neikvæðu áhrifum.

Eftirfarandi upplýsingar takmarkast við þau gögn sem bankinn hefur aðgang að og gæði þeirra. Gagnasöfnun fyrir reikningsárið 2024 er ekki fullkomin og bankinn gerir ráð fyrir að gagnabekja aukist til muna fyrir næstu skýrsluskil. Gagnabekja er birt í svigum í töflunni.

¹ Hugtakið *sjálfbærniþættir* er skilgreint sem umhverfis-, félags- og starfsmannatengd mál, virðing fyrir mannréttindum, mál sem varða baráttuna gegn spillingu og mútum

² Reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu.

³ Framseld Reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2022/1288 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina atriði er varða efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við meginregluna um að „valda ekki verulegu tjóni“, tilgreina efni, aðferðafræði og framsetningu upplýsinganna í tengslum við sjálfbærnivísa og neikvæð áhrif á sjálfbærni og efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við eflingu umhverfislegra eða félagslegra þátta og markmið um sjálfbæra fjárfestingu í skjölum áður en samningur er gerður, á vefsíðum og í eglubundnum skýrslum. Hér eftir „RTS“.

Vísar sem gilda um fjárfestingar í félögum sem fjárfest er í					
Neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti	Mælistika	Áhrif 2024 (þekja)	Áhrif 2023	Skýring	Aðgerðir sem gripið er til og aðgerðir sem eru fyrirhugaðar og markmið sem sett eru fyrir næsta viðmiðunartímabil
LOFTSLAGSVÍSAR OG AÐRIR UMHVERFISTENGDIR VÍSAR					
Losun gróðurhúsalofttegunda	1. Losun GHG	Losun GHG, umfang 1.	1.030,07 tCO ₂ e (5,82%)	N/A	Við útreikninginn er notast við gögn úr gagnagrunnum Bloomberg. Losun er reiknuð út frá opinberum gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt umfangi 1, umfangi 2 og umfangi 3 mæld í tonnum koldíoxíðgilda (CO ₂ e) á hverja milljón af heildarvirði félaga (e. <i>enterprise value</i>), reiknað í evrum. Í ljósi þess að þetta er fyrsta sinn sem Arion banki birtir sjálfbærnivísa í PAI-yfirlýsingu, er áhersla lögð á að bæta gæði gagna. Við höfum hafið kortlagningu á núverandi gloppum í gögnum og munum taka upp nýja gagnaveitu til að betrubæta eftirlit með losun eigna í stýringu. Á næsta tímabili stefnum við að því að bæta hlutfall aðgengilegra gagna verulega, sérstaklega hvað varðar losun í Umfang 1 og 2. Þannig leggjum við traustan grunn undir framtíðarmarkmið um minnkun. Þegar gagnagæði eykst munum við einbeita okkur að því að draga úr þeim sjálfbærnivísu sem tengjast losun gróðurhúsalofttegunda með virkri þátttöku og fjárfestingarákvörðunum.
		Losun GHG, umfang 2.	163,58 tCO ₂ e (4,23%)	N/A	
		Losun GHG, umfang 3.	14.269,66 tCO ₂ e (5,46%)	N/A	
		Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda.	15.463,31 tCO ₂ e (5,23%)	N/A	
	2. Kolefnisspor	Kolefnisspor.	0,00054 tCO ₂ e/mEUR fjárfest (5,56%)	N/A	
	3. Styrkur GHG hjá félögum sem fjárfest er í	Styrkur GHG hjá félögum sem fjárfest er í.	0,00341 tCO ₂ e/mEUR tekjur (5,56%)	N/A	
Losun gróðurhúsalofttegunda	4. Áhættuskuldbindingar gagnvart félögum sem starfa í jarðefnaeldsneytisgeiranum	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem eru virk í jarðefnaeldsneytisgeiranum.	0,68% (1,04%)	N/A	Hlutfall fjárfestinga í útgefendum sem hafa einhverjar tekjur af starfsemi í jarðefnaeldsneytisgeiranum samkvæmt atvinnugreinaflokkun Bloomberg (BICS). Við útreikninginn er notast við gögn úr gagnagrunnum Bloomberg.
	5. Hlutdeild í notkun og framleiðslu á óendurnýjanlegri orku	Hlutdeild í notkun og framleiðslu á óendurnýjanlegri orku félaga, sem fjárfest er í, frá óendurnýjanlegum orkugjöfum samanborið við endurnýjanlega orkugjafa, gefið upp sem hlutfall af heildarorkugjöfum.	35,89% (8,53%)	N/A	Gefur til kynna hlutfall orkunotkunar og orkuframleiðslu sem byggir á óendurnýjanlegum orkugjöfum. Útreikningur fyrir hvern útgefenda: 1- (-notkun endurnýjanlegrar orku + heildarframleiðsla endurnýjanlegrar orku) / (heildarorkunotkun + heildarframleiðsla raforku) Hlutfall þeirrar orku sem notuð er og hefur verið framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, mæld í þúsundum megavattstunda (MWh).

					Kaup á endurnýjanlegum orkuskríteinum (REC) eru meðtalin. Við útreikninginn er notast við gögn úr gagnagrunnum Bloomberg.	
	6. Orkunotkun á hvern loftlagsgeira með mikil áhrif	Orkunotkun í GWh á hverja milljón evra af tekjum félaga sem fjárfest er í eftir hverum loftlagsgeira sem veldur miklum áhrifum.	13,39 GWh/mEUR tekjur (8,55%)	N/A	Orkunotkun, reiknuð sem megavattstundir af orku á hverja milljón evra í sölu- eða rekstrartekjum. Hlutfallið er reiknað út frá upplýsingum sem koma fram í opinberum skýrslum félagsins. Við útreikninginn er notast við gögn úr gagnagrunnum Bloomberg.	
Líffræðileg fjölbreytni	7. Starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á svæði sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í með athafnasvæði/rekstur á eða nálægt svæðum sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni þar sem starfsemi þessara félaga sem fjárfest er í hefur neikvæð áhrif á þessi svæði.	N/A	N/A	Bankinn hefur ekki aðgang að fullnægjandi gögnum til að reikna og birta þennan sjálfbærnivísi. Núverandi gagnaveita gerir ekki greinarmun á félögum sem hafa ekki athafnasvæði/rekstur á eða nálægt svæðum sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegar fjölbreytni og þeirra sem hafa ekki birt nein gögn um þennan sjálfbærnivísi. Aðgengi að gögnum um líffræðilega fjölbreytni er enn takmörkuð, sérstaklega þegar kemur að eignum staðsettum á Íslandi, sem mynda umtalsverðan hluta eignasafnsins okkar. Á þessu fyrsta tímabili skýrsluskila vinnum við að því að greina orsök gagnaskortsins og afla viðeigandi gagna. Næstu skref eru m.a. að kanna hentugar gagnaveitur og aðferðir til að meta áhrif á líffræðilega fjölbreytni hérlandis, með það að markmiði að auka gæði og umfang gagnanna smám saman. Í kjölfarið verður hægt að samþætta sjónarmið um líffræðilega fjölbreytni í fjárfestingarferlið okkar.	
Vatn	8. Losun í vatn	Tonn af losun í vatn frá félögum sem fjárfest er í á hverja milljón evra sem er fjárfest, gefið upp sem vegið meðaltal.	1,34 tCO2e/mEUR fjárfest (0,23%)	N/A	Samanlagt magn losunar í vatn sem hefur áhrif á líffræðileg eða efnafræðileg gæði vatns, mælt í þúsundum tonna. Við útreikninginn er notast við gögn úr gagnagrunnum Bloomberg. Gögn um losun í vatn eru sem stendur mjög takmörkuð, sérstaklega í tengslum við eignir staðsettar á Íslandi. Við leggjum áherslu á finna hentuga gagnaveitu og auka umfang gagnanna, í því skyni að geta metið og tekið tillit til skaðlegu áhrifanna með markvissari hætti fyrir komandi skýrsluskil.	
Úrgangur	9. Hættulegur úrgangur og hlutfall geislavirks úrgangs	Tonn af hættulegum úrgangi og geislavirkum úrgangi sem myndast í félögum sem fjárfest er í á hverja milljón evra sem fjárfest er í, gefið upp sem vegið meðaltal.	0,78 tCO2e/mEUR fjárfest (3%)	N/A	Samanlagt magn hættulegs úrgangs sem útgefendur losa, mælt í þúsundum tonna. Við útreikninginn er notast við gögn úr gagnagrunnum Bloomberg. Sem stendur eru gögn um úrgangsmál takmörkuð fyrir stóran hluta eignasafnsins, sérstaklega fyrir innlendar eignir. Við vinnum að því að bæta aðgengi að og greina viðeigandi gögn, í því skyni að geta metið og tekið tillit til skaðlegu áhrifanna með markvissari hætti fyrir komandi skýrsluskil.	

VÍSAR FYRIR FÉLAGS- OG STARFSMANNATENGÐ MÁL, VIRÐUNGU FYRIR MANNRÉTTINDUM, MÁL SEM VARÐA BARÁTTUNA GEGN SPILLINGU OG MÚTUM

Félags- og starfsmannamál	10. Brot á meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í, sem hafa brotið í bága við meginreglur Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki.	0,73% (11,04%)		Við útreikninginn er notast við gögn úr gagnagrunnum Bloomberg.	Gögn um félagslega- og starfsmannatengda sjálfbærnivísa eru misgóð. Þó að sum gögn, eins og kynjahlutfall eða skipan stjórnar, séu opinber og aðgengileg, eru aðrir vísar, sérstaklega hjá minni eða staðbundnum fyrirtækjum, enn af skornum skammti.
	11. Skortur á verklagsreglum og reglufylgni aðferðum til að vakta fylgni við meginreglur Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki.	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í sem eru án stefnu um eftirlit með því hvort þau fylgi meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum eða viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki eða fyrirkomulagi fyrir meðhöndlun á kvörtunarmálum/kvörtunum til að taka á brotum á meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki.	N/A	N/A	Gagnaveitur okkar veita ekki fullnægjandi upplýsingar um þennan sjálfbærnivísi.	
	12. Óleiðréttur launamunur kynjanna	Meðaltal óleiðréttis launamunar kynjanna hjá félögum sem fjárfest er í.	12,5% (7,24%)	N/A	Við útreikninginn er notast við gögn úr gagnagrunnum Bloomberg.	
	13. Kynjafjölbreytni innan stjórnar	Meðaltalshlutfall kvenkyns og karlkyns stjórnarmanna í félögum sem fjárfest er í, gefið upp sem hlutfall allra stjórnarmanna.	39,78% (15,73%)	N/A	Meðalhlutfall kvenna í stjórn útgefenda sem birta gögn um kynjahlutfall í stjórn. Við útreikninginn er notast við gögn úr gagnagrunnum Bloomberg.	
	14. Áhætta gagnvart umdeildum vopnum (jarðsprengjum, klasasprengjum, efnavopnum og sýklavopnum)	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í sem fást við framleiðslu eða sölu á umdeildum vopnum.	0,16% (11,02%)	N/A	Við útreikninginn er notast við gögn úr gagnagrunnum Bloomberg. Vísar til félaga sem tengjast umdeildum vopnum, annað hvort í gegnum framleiðslu eða með beinum fjárfestingum. Meðtalin er þátttaka í framleiðslu og birgðakeðju, hvort heldur sem er með vörum eða þjónustu sem tengjast einhverju af eftirfarandi: a) Jarðsprengjur – Framleiðsla á jarðsprengjum og aðilar í birgðakeðju eða þjónustuaðilar sem koma að framleiðslu þeirra.	Í ljósi þess að eignarhald í umdeildum vopnum er hverfandi er ekki þörf á aðgerðum.

					b) Klasasprengjur- Framleiðsla á klasa- sprengjum og aðilar í birgðakeðju eða þjónustuaðilar sem koma að framleiðslu þeirra. c) Efna- og lífefnavopn – Framleiðsla á efna- eða lífefnavopnum og aðilar í birgðakeðju eða þjónustuaðilar sem tengjast framleiðslu þeirra. d) Kjarnorkuvopn – Framleiðsla á lykilhlutum eða kerfum fyrir kjarnorkuvopn, kjarnorkuvopnakerfi eða íhlutum slíkra vopna. Aðild að fjárfestingum tengdum umdeildum vopnum getur falið í sér veitingu lána eða útgáfa skuldabréfa til félaga sem falla undir ofangreinda flokka, samkvæmt heimildum frá fjölmiðlum og frjálsum félagasamtökum.	
Vísar sem gilda um fjárfestingar í fullvalda ríkjum og yfirþjóðlegum stofnunum						
Neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti		Mælistika	Áhrif 2024 (þekja)	Áhrif 2023	Skýring	Aðgerðir sem gripið er til og aðgerðir sem eru fyrirhugaðar og markmið sem sett eru fyrir næsta viðmiðunartímabil
Umhverfisþættir	15. Styrkur gróðurhúsalofttegunda	Styrkur gróðurhúsalofttegunda í löndum sem fjárfest er í.	N/A	N/A	Gögn fyrir þessa vísa eru ekki aðgengileg hjá núverandi gagnaveitu bankans á þessu viðmiðunartímabili.	Bankinn vinnur að innleiðingu á nýrri gagnaveitu. Bætt umfjöllun um fjárfestingar í fullvalda ríkjum og yfirþjóðlegum stofnunum er forgangsverkefni fyrir næstu skýrsluskil. Bætt gögn eru forsenda fyrir aðgerðum og markmiðasetningu
Félagslegir þættir	16. Lönd sem fjárfest er í sem falla undir félagsleg brot	Fjöldi landa sem fjárfest er í sem falla undir félagsleg brot (algild tala og hlutfallsleg tala deilt með öllum löndum sem fjárfest er í), eins og vísað er til í alþjóðlegum milliríkja-samningum og sáttmálum, meginreglum Sameinuðu þjóðanna og innlendum lögum þar sem við á.	N/A	N/A		
Vísar sem gilda um fjárfestingar í fasteignum						
Neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti		Mælistika	Áhrif 2024 (þekja)	Áhrif 2023	Skýring	Aðgerðir sem gripið er til og aðgerðir sem eru fyrirhugaðar og markmið sem sett eru fyrir næsta viðmiðunartímabil
Jarðefnaeldsneyti	17. Áhætta gagnvart jarðefnaeldsneyti í gegnum fasteignaeignir	Hlutdeild fjárfestinga í fasteignum sem tengjast námuvinnslu, geymslu, flutningi eða framleiðslu á jarðefnaeldsneyti.	N/A	N/A	Gögn um fjárfestingar í fasteignum eru ekki aðgengileg hjá núverandi gagnaveitu bankans á þessu viðmiðunartímabili.	Bankinn vinnur að innleiðingu á nýrri gagnaveitu til að bæta umfjöllun og nákvæmni varðandi fjárfestingar í fasteignum fyrir næstu skýrsluskil. Bætt gögn eru forsenda fyrir aðgerðum og markmiðasetningu.
Orkunýtni	18. Áhætta gagnvart fasteignum með lélegri orkunýtingu	Hlutdeild fjárfestinga í fasteignum með lélegri orkunýtingu.	N/A	N/A		

Viðbótarvísar						
Neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti		Mælistika	Áhrif 2024 (þekja)	Áhrif 2023	Skýring	Aðgerðir sem gripið er til og aðgerðir sem eru fyrirhugaðar og markmið sem sett eru fyrir næsta viðmiðunartímabil
Losun	Fjárfestingar í félögum sem eiga ekki frumkvæði að minnkun kolefnislosunar (e. <i>without carbon emission reduction initiatives</i>).	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í sem ekki eiga frumkvæði að minnkun kolefnislosunar sem miðast við að samræmast Parísar-samningnum.	N/A	N/A	Aðgengi að gögnum fyrir aðra sjálfbærnivísa en þá sem eru skyldubundnir er takmarkað.	Við vinnum markvisst að því að finna áreiðanleg gögn um viðbótarvísa bankans. Bætt gagnaaðgengi um viðbótarvísa bankans er forgangsverkefni fyrir næstu skýrsluskil og forsenda fyrir aðgerðum og markmiðasetningu.
Félags- starfsmannamál	og Hegðunarviðmið birgja (e. <i>supplier code of conduct</i>) ekki fyrir hendi.	Hlutdeild fjárfestinga í félögum sem fjárfest er í sem engin hegðunarviðmið birgja gilda um (gegn ótryggum vinnuskilyrðum, ótraustri vinnu, barnavinnu og nauðungarvinnu).	N/A	N/A		

3 Lýsing á stefnum til að tilgreina og forgangsraða helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti

Í þessum hluta er gerð grein fyrir því hvernig eignastýring Arion banka greinir og forgangsraðar helstu neikvæðu áhrifum fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti.

3.1 Innri stjórnarhættir

Arion banki hefur felld sjónarmið um helstu neikvæðu áhrif inn í fjárfestingaákvæðanatökuferli eignastýringar Arion banka. Bankinn hefur innleitt verklag til að greina, stýra og draga úr helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti. Verklagið byggir á *reglum Arion banka um ábyrgar fjárfestingar*, sem voru samþykktar og innleiddar af sjálfbærninefnd Arion banka í júní 2025 og sæta árlegri endurskoðun. Reglurnar leystu af hólmi *leiðarvísi um ábyrgar fjárfestingar* sem tók gildi árið 2019. Stefnur viðskiptavina um ábyrgar fjárfestingar eða helstu neikvæðu áhrif geta, eftir atvikum, gengið framar reglum Arion banka um ábyrgar fjárfestingar.

Stjórnendur eignastýringar Arion banka bera endanlega ábyrgð á innleiðingu reglna um ábyrgar fjárfestingar. Dagleg framkvæmd reglnanna er að hluta til falin sérhæfðum hópi starfsmanna innan eignastýringar Arion banka.

3.2 Aðferðafræði

Greining á helstu neikvæðu áhrifum fer fram með skimun á ytri áhrifum útgefenda sem eignastýring Arion banka fjárfestir í fyrir hönd viðskiptavina.

Eignir í stýringu eru skimaðar árlega. Eignastýring Arion banka framkvæmir greiningu á tiltækum gögnum um neikvæðu áhrif og merkir þau félög sem talin eru hafa verulega neikvæðu áhrif. Eignastýring Arion banka hefur skilgreint innri viðmiðunarmörk til að meta hvenær neikvæðu áhrif teljast veruleg.

Við greiningu á helstu neikvæðu áhrifum forgangsraðar eignastýring Arion banka neikvæðum áhrifum sem svara til þeirra heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem Arion banki leggur áherslu á, þ.e. markmið 5 um *jafnrétti kynjanna*, markmið 7 um *sjálfbæra orku*, markmið 8 um *góða atvinnu og hagvöxt*, markmið 9 um *nýsköpun og uppbyggingu*, markmið 12 um *ábyrga neyslu og framleiðslu* og markmið 13 sem snýr að *aðgerðum í loftslagsmálum*.

Viðskiptastjórar innan eignastýringar Arion banka eru upplýstir um verulega neikvæðu áhrif og skulu taka tillit til þeirra við ákvæðanatöku í eignastýringu. Almennu eru slík sjónarmið tekin með í reikninginn áður en fjárfestingarákvörðun er tekin.

3.3 Þátttökustefnur

Frá og með júní 2025 hefur tilskipun (ESB) 2017/828 um réttindi hluthafa (e. *Shareholders Rights Directive II* eða *SRD II*) ekki verið innleidd á Íslandi. Af þeim sökum hefur eignastýring Arion banka ekki sett formlega þátttökustefnu (e. *engagement policy*) á grundvelli tilskipunarinnar. Reglur eignastýringar Arion banka um ábyrgar fjárfestingar byggja þó að hluta til á virku eignarhaldi við ákveðnar aðstæður.

Þegar greining bankans leiðir í ljós verulega neikvæðu áhrif metur eignastýring Arion banka hvort tilefni sé til að grípa til mótvægisáðgerða sem miða að því að draga úr eða koma í veg fyrir viðkomandi áhrif. Við mat á því hvort mótvægisáðgerðir séu nauðsynlegar og, ef svo er, hvaða áðgerðir henti best, tekur eignastýring Arion banka tillit til þess hversu líklegt er að þau komi fram og hversu alvarleg þau eru, þ.m.t. hvort áhrifin geti verið óbætanleg. Eignastýring forgangsraðar áðgerðum eftir því hve útsett eignasöfn í stýringu eru fyrir hinum skaðlegu áhrifum.

Viðeigandi mótvægisáðgerðir geta m.a. tekið á sig eftirfarandi mynd, allt eftir alvarleika aðstæðna:

- Eftirlit með helstu neikvæðu áhrifum viðkomandi útgefanda.
- Samskipti við útgefanda.
- Skilgreining markmiða eða úrræða til að draga úr verulega neikvæðum áhrifum.
- Framlagning ályktana og beiting atkvæðisréttar á hluthafafundum.
- Útilokun eða frýsting fjárfestinga.

Við beitingu mótvægisáðgerða skal gæta ýtrustu varúðar og hagsmunir viðskiptavina ávallt hafðir að leiðarljósi. Eignastýring Arion banka leggur áherslu á umbætur í gegnum samtal og samstarf og forgangsraðar slíkum áðgerðum fram yfir róttækari úrræði. Ef mildari mótvægisáðgerðir reynast ófullnægjandi til að draga úr eða koma í veg fyrir verulega neikvæð áhrif, kann að vera nauðsynlegt að grípa til ákveðnari áðgerða. Útilokun og frýstingu fjárfestinga verður aðeins beitt sem þrautarúrræði, þegar aðrir kostir duga ekki til.

3.4 Gagnaveitur og skekkjumörk

Eignastýring Arion banka nýtir sér þjónustu utanaðkomandi gagnaveitna til að greina verulega neikvæð áhrif. Þegar gögn eru aðgengileg frá þessum veitum, safnar eignastýring Arion banka að jafnaði ekki gögnum beint frá útgefendum. Þegar misræmi er á milli gagnaveitna, eru gögn sem útgefendur hafa sjálfir birt látin ganga fyrir. Í ákveðnum tilvikum kann greiningarferlið að byggja á áætluðum (e. *proxy*) gögnum frá utanaðkomandi gagnaveitum. Beiting eignastýringar Arion banka á utanaðkomandi gagnaveitna verður yfirfarin reglulega.

Þegar aðgengi að gögnum er takmarkað metur eignastýring Arion banka hvort tilefni sé til að óska eftir gögnum beint frá útgefendum í gegnum tvíhliða samtal. Matið byggist á (i) áætluðum líkum á neikvæðum áhrifum, (ii) alvarleika áhrifanna og (iii) hve útsett eignastýring er fyrir viðkomandi áhrifum.

Þar sem Arion banki treystir á gögn frá utanaðkomandi gagnaveitum má gera ráð fyrir að gagnagæði, gagnaadgengi, áreiðanleiki gagna, umfang þeirra og mismunandi aðferðafræði milli gagnaveitna hafi haft áhrif á úrvinnslu bankans á helstu neikvæðu áhrifum. Viðbúið er að ákveðin skekkjumörk verði til staðar. Erfitt er að meta umfang þessara áhrifa á gagnaúrvinnslu nákvæmlega, en gert er ráð fyrir að þau verði töluverð fyrst um sinn en minnki með tímanum. **Gagnasöfnun fyrir reikningsárið 2024 er ekki fullkomin.** Svo að dæmi sé tekið reyndist erfiðleikum háð að afla gagna um óbeinar fjárfestingar. Bankinn gerir ráð fyrir að gagnaadgengi aukist til muna fyrir næstu skýrsluskil.

Val á viðbótarvísunum

Val Arion banka á viðbótarvísunum byggir á þremur viðmiðum, þ.e. (i) mögulegum ytri áhrifum, (ii) mögulegt aðgengi að fullnægjandi gögnum og (iii) tengsl við starfsemi Arion banka. Mælikvarðanir *Fjárfestingar í félögum án aðgerða til að draga úr kolefnislosun* (tafla 2, vísir nr. 4) og *Skortur á siðareglum fyrir birgja* (tafla 3, vísir nr. 4) þóttu viðeigandi og voru valdir sem viðbótarvísar Arion banka. Eins og sakir standa er unnið að því að afla áreiðanlegra gagna um viðbótarvísana.

Tilvísanir í alþjóðlega staðla

Arion banki fylgir ýmsum reglum um ábyrga starfshætti og alþjóðlega viðurkenndum stöðlum sem tengjast neikvæðum áhrifum fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti með beinum eða óbeinum hætti. Eftirfarandi upptalning er ekki tæmandi:

3.5 Loftslagsmál og losun gróðurhúsalofttegunda

Sjálfbærnisáættir 1-6 og viðbótaráættir 4 í töflu 2

UN PRI

Arion banki er aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI). Með aðild sinni hefur Arion banki m.a. skuldbundið sig til að samþætta umhverfis-, félags- og stjórnarhætti (ESG) við greiningu og ákvarðanatöku um fjárfestingar.

UNEP FI og UN PRB

Arion banki er aðili að UNEP FI, vettvangi umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir fjármálagæirann. Bankinn gerðist stofnaðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (UN PRB) árið 2019. Með aðild sinni hefur Arion banki skuldbundið sig til að innleiða sex meginreglur í starfsemi sína sem miða að því að efla sjálfbæra fjármálastarfsemi.

SBTi

Arion banki hefur skuldbundið sig til setja mælanleg markmið í loftslagsmálum og fá þau staðfest af *Science Based Targets initiative* (SBTi) fyrir lok árs 2025. Staðfesting SBTi sannreynir að markmiðin séu byggð á vísindalegum grunni og fari saman við skuldbindingar Parísarsamningsins.

NZBA

Sem aðili að Bandalagi banka um kolefnishlutleysi (e. *Net-Zero Banking Alliance*) hefur Arion banki skuldbundið sig til að setja sér markmið um að minnka losun fram til ársins 2030 og verða kolefnishlutlaus fyrir árið 2040.

PCAF

Arion banki hefur verið aðili að PCAF (e. *Partnership for Carbon Accounting Financials*) frá árinu 2021 og beitir aðferðarfræði PCAF við að meta og birta upplýsingar um kolefnislosun í lána- og eignasafni bankans.

3.6 Félagsleg málefni og málefni starfsmanna

Sjálfbærnisáættir 10-11 og viðbótaráættir 4 í töflu 3

UN Global Compact

Arion banki hefur verið aðili að Alþjóðasamkomulagi Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja (e. *UN Global Compact*) frá árinu 2016 og skilar árlega framvinduskýrslu um innleiðingu meginreglnanna.

4 Sögulegur samanburður

Yfirlýsing þessi er sú fyrsta sem inniheldur gögn um sjálfbærnisáættir í stýringu. Sögulegur samanburður á þ.a.l. ekki við en verður tiltækur í PAI-yfirlýsingu bankans á næsta ári.

Upphafleg útgáfa 30. júní 2025 (útgáfa 1.0)

Uppfært 1. júlí 2025 (útgáfa 1.1)